

226. Frumvarp

Ed. til laga um gagnfræðaskólann á Akureyri.
Frá nefndinni í gagnfræðaskólamálinu.

1. gr.

Fræðigreinar þær, sem kenna skal í skólanum, eru þessar: íslenska, danska, enska, saga og landafræði, einkum saga og landafræði Íslands, auk yfirlits yfir löggjöf þess í landsrétti og landsstjórn, reikningur, rúmfræði og landmæling, náttúrusaga, og telst þar til meginatriði mannfræðinnar og heilsufræðinnar; ennfremur grundvallaratriði eðlisfræðinnar og efnafræðinnar, dráttlist, söngur, handavinna og leikfimi.

2. gr.

Kennarar skólans eru 4 og einn er þeirra skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með kennurum skólans, nemendum hans, húsum, áhöldum og öllum eignum,

Hann hefir að árslaunum 3000 krónur og auk þess leigulausan bústað, ljós og hita, í skólahúsinu. Fyrsti og annar kennari 2000 kr. og þriðji kennari 1600 kr. að árslaunum.

3. gr.

Í skólanum eru alt að 50 heimavistir. Skulu nemendur, er heimavist hafa, greiða 6 kr. en allir aðrir nemendur 1 kr. árlega í skólasjóð í byrjun hvers skólaárs. Skólasjóð skal varið skólanum til stuðnings og eflingar samkvæmt skipulagsskrá, er stjórnarráðið semur eftir tillögum skólastjóra.

4. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugiörð fyrir hann. Laun og annar kostnaður til skólans greiðist úr landssjóði.

5. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 38, 10. nóv. 1903 um gagnfræðaskóla á Akureyri úr gildi numin.